

STARFSÁÆTLUN 2016

INNGANGUR

Stjórnkerfis og lýðræðisráð ásamt erindreka gagnsæis og samráðs ber, samkvæmt samþykktum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og á áætlunin að endurspegla árherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 2. september 2014. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð eða borgarstjóri kunna að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar

FULLTRÚAR Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐI KOSNIR 16. JÚNÍ 2014

AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson
Eva Einarsdóttir
Hilmar Sigurðsson
Heiða Björg Hilmisdóttir
Hildur Sverrisdóttir
Björn Gíslason
Stefán Þór Björnsson

VARAFULLTRÚAR


Þórlaug Ágústsdóttir
Kári Sævarsson
Stefán Rafn Sigurbjörnsson
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Kjartan Magnússon
Áslaug María Friðriksdóttir
Jónas Þór Jónasson

HELSTU VERKEFNI

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer með það verkefni að yfirfara stjórnkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnkerfis- og lýðræðisráð með það verkefni að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnkerfisbreytinga.

- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnkerfinu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu íbúalýðræðis og aukið samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um aukið gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu hverfaráða og hverfajónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um átök í rafrænni þjónustu við borgarbúa.



ERINDREKI GAGNSÆIS OG SAMRÁÐS

Erindreki gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vinnur með stjórnkerfis- og lýðræðisráði að verkefnum þess. Hann ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2016

Helstu markmið og aðgerðir í stjórnkerfis-, lýðræðis- og gagnsæismálum má sjá hér í töflunni. Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

FLOKKAR VERKEFNA


- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Flokkur	Markmið	Aðgerð
G	Auka framboð af opnum gögnum Reykjavíkurborgar.	Tryggja opna gátt og kynna verklag við miðlun. Kynning og hvatning á öllum sviðum Reykjavíkurborgar. Á bæði við um allar upplýsingar, fjárhagsupplýsingar sem og aðrar.
G	Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar.	Fylgja eftir framkvæmd á verkefninu um rafræna gagnagátt fyrir fjárhagsupplýsingar Reykjavíkurborgar.
L	Auka samráð við ákvarðanatöku	Opið umsagnarferli. Til verði opin samráðsgátt á vef þar sem leggja má fram reglur, stefnur, samþykktir eða hvaðeina til umsagnar almennings og hagsmunaaðila.
G	Auðvelda aðgang að fundargögnum	Verklagsreglur um meðferð fundargagna, s.s. hvenær fundargögn séu trúnaðarmál og hvenær ekki. Birting fundargagna með fundargerðum á vef Reykjavíkurborgar.
L	Auka samráð við ákvarðanatöku	Opin hugmyndasöfnun. Til verði opin gátt til þess að kalla eftir hugmyndum frá almenningi og hagsmunaaðilum.
S	Skýrt hlutverk hverfisráða	Tillögur um hlutverk og skipan hverfisráða.
L	Auka samráð við íbúa	Framkvæmd Betri hverfa í endurskoðaðri mynd
L	Auka samráð við íbúa	Framkvæmd Betri Reykjavíkur í endurskoðaðri mynd
L	Aukið samráð við íbúa	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð haldi a.m.k. tvo opna fundi árlega.
L	Aukið samráð við íbúa	Kynna fyrir sviðum hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi samráð. Útbúin verði n.k. „Samráðs-verkfærakista“ sem nýta má í ákvarðanatöku.
L	Auka þátttöku almennings í lýðræðismálum	Tillögur að aðgerðum til að auka kjörsókn

L

Auka þátttöku ungmenna í lýðræðis- og samráðsverkefnum

Tillögur að aðgerðum til að auka vitund og áhuga ungmenna á lýðræði



DRÖG